



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

## **Ársfundur KÍ 19. apríl 2013 samþykkir eftirfarandi ályktun:**

### *Ályktun um niðurskurð til skólamála*

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Grand Hótel 19. apríl 2013 gagnrýnir mikinn niðurskurð fjárframlaga til starfsemi skóla í landinu mörg undanfarin ár. Eftir efnahagshrunið hefur fjármagn til skóla verið skert umtalsvert. Á sama tíma hefur nemendum fjölgað og kröfur til starfseminnar aukist. Náms- og starfsskilyrði nemenda og starfsmanna versna ár frá ári og sér ekki fyrir endann á þeirri óheillaþróun.

Fundurinn varar við afleiðingum þess að skólum landsins verði áfram haldið í fjársveldi og telur að gæðum menntunar sé stofnað í hættu.

Fundurinn krefst þess að stjórnvöld, ríki og sveitarfélög sem og Alþingi geri skólunum kleift að bjóða nemendum nám í samræmi við landslög.